

---

# ÞINGMÁLASKRÁ

153. löggjafarþing 2022–2023

Uppfærsla 9. desember 2022

---

RÍKISSTJÓRN

FRAMSÓKNARFLOKKS  
SJÁLFSTÆÐISFLOKKS OG  
VINSTRIHREYFINGARINNAR – GRÆNS FRAMBOÐS

SEPTEMBER 2022



## **Þingmálaskrá 153. löggjafarþings 2022–2023**

Samkvæmt 1. mgr. 47. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, skal fylgja eftirriti stefnuræðu forsætisráðherra við upphaf þings yfirlit um þau mál sem ríkisstjórn hyggst leggja fram á þinginu ásamt áætlun um hvenær þeim verður útbýtt. Yfirlit fyrir 153. löggjafarþing fer hér á eftir. Fram kemur hvenær áætlunin er að leggja mál fram. Flutt kunna að verða fleiri mál en getið er og atvik geta hindrað flutning einstakra mála. Í samræmi við 2. mgr. 47. gr. laganna mun ríkisstjórnin jafnframt við upphaf vetrarþings, að loknu jólahléi, afhenda forseta Alþingis endurskoðaða áætlun um framlagningu stjórnarfrumvarpa á vetrar- og vorþingi ásamt áætluðum útbýtingardegi.

Þingmálaskrá þessi hefur uppfærð að því er varðar mál sem lögð eru fram fyrir áramót.

# Efnisyfirlit

FORSÆTISRÁÐHERRA.....	5
DÓMSMÁLARÁÐHERRA .....	6
FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSRÁÐHERRA.....	9
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA .....	11
HÁSKÓLA-, IÐNAÐAR- OG NÝSKÖPUNARRÁÐHERRA .....	15
HEILBRIGÐISRÁÐHERRA .....	16
INNVIÐARÁÐHERRA.....	18
MATVÆLARÁÐHERRA .....	21
MENNINGAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA.....	23
MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐHERRA.....	26
UMHVERFIS-, ORKU- OG LOFTSLAGSRÁÐHERRA .....	27
UTANRÍKISRÁÐHERRA.....	30

## **FORSÆTISRÁÐHERRA**

**1. Frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð.**

Í frumvarpinu er mælt fyrir um endurskoðun laga um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003 og er þetta fyrsta heildræna endurskoðun á lögum frá því að þau tóku gildi. Frumvarpið byggist á skýrslu verkefnishóps forsætisráðherra sem skilað var í ágúst 2020. Meginmarkmið breytinganna er að efla stefnu á sviði vísinda og nýsköpunar með því að skýra hlutverk Vísinda- og tækniráðs, auka stuðning við stefnumótun og sjálfstæða ráðgjöf til ráðherra, efla samræmda stefnu þvert á ráðuneyti, skerpa framtíðarsýn og styrkja umræðu um vísindi og nýsköpun í samfélaginu. Lagt er til að heiti ráðsins verði breytt í Vísinda- og nýsköpunarráð. *Endurflutt. September.*

**2. Frumvarp til laga um rýni á beinum erlendum fjárfestingum vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu.**

Í frumvarpinu er mælt fyrir um heimildir stjórnvalda til að meta og taka afstöðu til fjárfestinga erlendra aðila í þýðingarmiklum samfélagsinnviðum og tengdri starfsemi með tilliti til sjónarmiða um þjóðaröryggi, sbr. ábendingar í skýrslu stýrihóps um heildstæða löggjöf og stjórnsýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir (maí 2021) og löggjöf um þetta efni annars staðar á Norðurlöndum og á Evrópska efnahagssvæðinu. **Mars.**

**3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (fjármálaeftirlitsnefnd).**

Með frumvarpinu er ætlunin að breyta lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 varðandi ákvarðanatöku á sviði fjármálaeftirlits og valdsvið fjármálaeftirlitsnefndar Seðlabanka Íslands. **Nóvember.**

**4. Frumvarp til laga um ríkislögmann.**

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um ríkislögmann, nr. 51/1985. **Mars.**

**5. Tillaga til þingsályktunar um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.**

Tillagan mælir fyrir um endurskoðun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um þjóðaröryggisráð, nr. 98/2016. **Nóvember.**

**6. Skýrsla forsætisráðherra um framkvæmd ályktana Alþingis frá árinu 2021.**

Árleg skýrsla. **Október.**

**7. Skýrsla forsætisráðherra um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi.**

Árleg skýrsla. **Mai.**

**8. Skýrsla forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga.**

Árleg skýrsla. **Mai.**

## DÓMSMÁLARÁÐHERRA

### 1. Frumvarp til laga um landamæri.

Frumvarpinu er ætlað að tryggja að landamæraeftirlit og landamæragæsla séu framkvæmd með öruggum og skilvirkum hætti og til samræmis við lög, reglugerðir og þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist. *Endurflutt. September.*

### 2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 (kennitöluflakk).

Með frumvarpinu er lagt til að við gjaldþrotaskipti á félagi með takmarkaða ábyrgð geti skiptastjóri krafist þess að lagt verði atvinnurekstrarbann á þann sem komið hefur að stjórnun félagsins á síðustu 18 mánuðum fyrir frest dag ef viðkomandi telst ekki hæfur til að stýra félaginu vegna verulega skaðlegra eða óverjandi viðskiptahátta við stjórnun félagsins á umræddu tímabili. *Endurflutt. September.*

### 3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (alþjóðleg vernd).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á málsmeðferð umsókna um alþjóðlega vernd til að skýra einstaka ákvæði, auka skilvirkni og stytta málsmeðferðartíma, án þess þó að skerða réttindi umsækjenda. Þá eru með frumvarpinu lagðar til breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga sem hljóta dvalarleyfi af mannúðarástæðum. *Endurflutt. September.*

### 4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993 (reikningshald Kirkjugarðasjóðs o.fl.).

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 5. mgr. 40. gr. laganna um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, þess efnis að reikningshald Kirkjugarðasjóðs verði fært frá skrifstofu biskups til kirkjugarðaráðs, sem bera mun ábyrgð á reikningshaldi sjóðsins og því hvernig haldið er utan um fé hans, eftir atvikum með því að semja við einhvern um að annast fjárreiður sjóðsins með fullnægjandi hætti. Jafnframt verði felld brott tvö ákvæði er snúa að Bálfararfélagi Íslands sem hefur verið lagt niður og ekki starfað í um 60 ár. *Endurflutt. September.*

### 5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála o.fl. (ýmsar breytingar).

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar til að einfalda málsmeðferð. *Endurflutt. September.*

### 6. Frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins.

Með frumvarpinu er lagt til að sýslumannsembættin níu verði sameinuð í eitt, með það að aðalmarkmiði að efla þjónustu hins opinbera á öllu landinu. *September.*

### 7. Frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996 (aðgerðir til að koma í veg fyrir brot).

Með frumvarpinu er ætlunin að skýra heimildir lögreglu til að grípa til aðgerða í þágu afbrotavarna, einkum hvað varðar afbrot eða athafnir sem raskað geta öryggi borgaranna og ríkisins, afbrot sem tengjast skipulagðri brotastarfsemi og afbrot sem framin eru á netinu. Jafnframt er í frumvarpinu kveðið á um meðferð vopna hjá lögreglu, en ákvæði þess efnis hefur fram til þessa aðeins verið að finna í reglugerð á grundvelli vopnalaga. *Október.*

### 8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 (einföldun málsmeðferðar, forgangsröðun mála o.fl.).

Með frumvarpinu er brugðist við ábendingum sem hafa borist frá Persónuvernd. Lagt er til að meðferð mála verði einfölduð að því leyti að ekki þurfi að ljúka öllum kvörtunarmálum með úrskurði en slík breyting er til þess fallin að draga úr verkefnaálagi hjá Persónuvernd. Þá er jafnframt lagt til að Persónuvernd fái skýra heimild til að forgangsráða málum. *Október.*

- 9. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum (sameining sýslumannsembættanna).**  
Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum sem varða verkefni sýslumanna, með það að markmiði að endurspeglar breytta skipan sýslumannsembættanna við sameiningu. Að auki eru lagðar til breytingar á lögum sem miða að því að eyða hindrunum fyrir innleiðingu stafræna lausna fyrir framkvæmd verkefna. **Febrúar.**
- 10. Frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993 (örorkumat o.fl.)**  
Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum skaðabótalaga sem varða mat á örorku og örorkunefnd. Einnig eru lagðar til breytingar er varða margfeldisstuðul, vísitölutengingu og frádráttarreglur sem lagðar voru til í frumvarpi sem lagt var fram á Alþingi á 148. löggjafarþingi. **Febrúar.**
- 11. Frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (ýmsar breytingar).**  
Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á ákvæðum kosningalaga sem varða m.a. hæfisreglur kjörstjórna og utankjörfundaratkvæðagreiðslur. Við framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna 2022 komu fram ýmsir ágallar á kosningalögum sem nauðsynlegt er að lagfæra. **Febrúar.**
- 12. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (sameining héraðsdómstólanna).**  
Samkvæmt lögum um dómstóla eru héraðsdómstólarnir átta sjálfstæðar stofnanir með aðsetur víða um land. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem sameina þessar stofnanir í einn héraðsdómstól en með starfsstöðvar á þeim stöðum þar sem héraðsdómstólarnir eru nú. Með sameiningu héraðsdómstólanna aukast möguleikar á að jafna starfsálag milli héraðsdómstóla og færa verkefni til dómstóla á landsbyggðinni. Af þessu leiðir að nauðsynlegt er að gera ýmsar breytingar á réttarfarslögum, sérstaklega lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála. **Febrúar.**
- 13. Frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum, nr. 16/1998 (öflun og varsla skotvopna).**  
Frumvarpinu er ætlað að breyta reglum um innflutning á skotvopnum með það að markmiði að herða reglur um skotvopn og veitingu undanþága frá banni við innflutningi sjálfvirkra og hálf sjálfvirkra skotvopna. Jafnframt er ætlunin að breyta lögum vegna innleiðingar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/555 frá 21. mars 2021 um eftirlit með öflun og eign vopna. *Innleiðing.* **Febrúar.**
- 14. Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, lögum um verslun með áfengi og tóbak og lögum um aukatekjur ríkissjóðs (vefverslun með áfengi).**  
Með frumvarpinu er lagt til að innlendum söluaðilum verði heimilt að starfrækja vefverslun með áfengi í smásölu til neytenda hér á landi. **Desember.**
- 15. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984 (einföldun málsmeðferðar).**  
Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum til einföldunar á framkvæmd laganna. **Janúar.**
- 16. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sanngirnibætur fyrir misgjörðir á stofnunum fyrir fötluð börn, nr. 47/2010 (Hjalteyri).**  
Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um sanngirnibætur fyrir misgjörðir á stofnunum fyrir fötluð börn með það að markmiði að tryggja börnum sem voru vistuð við óviðunandi aðstæður á síðustu öld á heimilinu að Hjalteyri rétt til sanngirnibóta. **Febrúar.**
- 17. Frumvarp til laga um breytingu á lögræðislögum, nr. 71/1997 (ýmsar breytingar).**  
Með frumvarpinu eru fyrst og fremst lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um nauðungarvistanir, auk nokkurra annarra breytinga. Er markmiðið að tryggja að lagaumhverfi um nauðungar-

vistanir og verklag á grundvelli þess sé í samræmi við alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar.  
**Febrúar.**

**18. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (ýmsar breytingar vegna skipulagðrar brotastarfsemi).**

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um meðferð sakamála til að takast á við rannsókn mála er varða skipulagða brotastarfsemi, svo sem lengd gæsluvarðhalds og aðgang að gögnum. Þá verður einnig komið til móts við athugasemdir nefndar Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum hvað varðar ákvæði um einangrun gæsluvarðhaldsfanga. **Mars.**

**19. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (dvalarleyfi).**

Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á dvalarleyfiskafla laganna sem taka mið af reynslu við framkvæmd þeirra og þróun í málaflokknum. **Mars.**

**20. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (bótafjárhæðir).**

Með frumvarpinu er lögð til einföldun á meðferð bótakrafna vegna brota á IX.–XIV. kafla laga um meðferð sakamála vegna ólögætrar handtöku, þvingunarráðstafana og gæsluvarðhalds á þann hátt að settar verði reglur um viðmiðunarþjárhæðir bóta sem ríkislögmaður styðst við við uppgjör slíkra bóta. Samhliða er felld brott skylda til að veita gjafsókn í slíkum bótamálum. Með þessum breytingum er unnt að flýta uppgjóri bóta og fækka dómsmálum vegna ágreinings um bætur. Í frumvarpinu felst hagræðing við meðferð málanna bæði fyrir þolendur og ríkið auk þess sem gera má ráð fyrir lækkun útgjalda hjá ríkissjóði vegna málskostnaðar í þessum málum. **Mars.**



## FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSRÁÐHERRA

**1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010 (stjórn Fræðslusjóðs).**

Í ljósi þess að lög um framhaldsfræðslu hafa verið flutt undir málefnasvið félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, sbr. forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022, þykir nauðsynlegt að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á 11. gr. laga um framhaldsfræðslu. Í umræddu ákvæði er kveðið á um skipun stjórnar Fræðslusjóðs og hvaða aðilar skuli eiga fulltrúa í stjórninni og er fyrirhuguðum breytingum ætlað að tryggja að mennta- og barnamálaráðuneytið eigi fulltrúa í stjórninni. **September.**

**2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (desemberuppbót).**

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði að greiða skuli desemberuppbætur til atvinnuleitenda sem uppfylla tiltekin skilyrði. **Fellt niður.**

**3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007 (greiðslutímabil endurhæfingarlífeyris).**

Í frumvarpinu felast breytingar á tilhögun endurhæfingarlífeyris þar sem lagt er til að greiðslutímabil endurhæfingarlífeyris verði lengt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Framlagning frumvarpsins er fyrsti áfangi í heildarendurskoðun á örorkulífeyriskerfinu. **Október.**

**4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð (réttindaávinnsla og breytt uppsetning).**

Í frumvarpinu felast breytingar sem varða aðallega réttindaávinnslu og ákvörðun réttinda umsækjenda um örorku- og endurhæfingarlífeyri á grundvelli tryggingartíma og ætlaðra tímabila til framtíðar. Auk þess er lögð til breytt röðun á köflum og ákvæðum laga um almannatryggingar en um er að ræða heildarendurröðun og breytingu á númerum lagagreina með það að markmiði að gera lögin aðgengilegri, einfaldari og skýrari yfirlestrar. **Nóvember.**

**5. Frumvarp til laga um greiðslur vegna umönnunar langveikra eða fatlaðra barna.**

Í frumvarpinu felast breytingar á tilhögun stuðnings við foreldra og forráðamenn fatlaðra og langveikra barna í samræmi við niðurstöður starfshóps sem skipaður var til þess að meta reynslu af framkvæmd laganna og þörf á breytingum. Einföldun kerfis með sameiningu foreldragreiðslna og umönnunargreiðslna auk þess sem greiðslur til foreldra taki mið af umönnunarþörf og kostnaði sem er tilkominn vegna fötlunar og veikinda barnsins. Frumvarpinu er ætlað að koma í stað laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006, og 4. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. *Endurflutt.* **Mars.**

**6. Frumvarp til laga um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisþjónustu.**

Frumvarpið mælir fyrir um ný heildarlög um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisþjónustu. Frumvarpinu er meðal annars ætlað að setja nánari lagaákvæði um réttarstöðu einstaklinga sem öryggisráðstafanir og öryggisþjónusta ná til með tilliti til reglna um vernd persónufrelsis manna og friðhelgi einkalífs. **Mars.**

**7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002 (sérfræðingar utan EES).**

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem ætlað er að koma til móts við áherslur í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs þess efnis að auka svigrúm og skilvirkni í ráðningu erlendra sérfræðinga og auðvelda íslenskum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum að ráða fólk með sérþekkingu frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. **Nóvember.**

**8. Frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar.**

Frumvarpið felur í sér ný heildarlög um atvinnuleysistryggingar sem meðal annars er ætlað að einfalda gildandi atvinnuleysistryggingakerfi sem og að bregðast við þeim breytingum sem orðið hafa á vinnumarkaði, svo sem hvað varðar ólík ráðningarform. **Febrúar.**

**9. Frumvarp til laga um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.**

Í ljósi þess að þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd skv. 27. og 33. gr. laga um útlandinga, nr. 80/2016 hefur verið flutt undir málefna svið félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, sbr. forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022, er ætlunin að leggja fram frumvarp til laga um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd þar sem meðal annars verði kveðið á um þá opinberu stofnun á málefna sviði félags- og vinnumarkaðsráðuneytis sem veita mun umrædda þjónustu. **Febrúar.**

**10. Frumvarp til starfskjaralaga.**

Frumvarpinu er ætlað að fylgja eftir tillögum sem fram koma í skýrslu samstarfshóps um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði en hópurinn skilaði tillögum sínum í janúar 2019. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að hrinda í framkvæmd aðgerðum ríkisstjórnarinnar til stuðnings lífskjarasamningum er falla undir málefna svið félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og lúta að vinnumarkaði. *Endurflutt.* **Mars.**

**11. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð (endurskoðun greiðslukerfis vegna skertrar starfsgetu og endurhæfingar).**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að greiðsluflokkar vegna skertrar starfsgetu verði þrír, þ.e. sjúkragreiðslur, endurhæfingargreiðslur og örorkulífeyrir, en til viðbótar greiðist heimilisuppbót þeim sem búa einir og aldursviðbót þeim sem fara í endurhæfingu eða eru metin til örorku í fyrsta sinn ung að árum. Markmiðið er að tryggja sjálfbærni örorkulífeyriskerfisins, einfalda það og bæta samspil þess við lífeyrissjóðakerfið ásamt því að auka stuðning við þann hóp örorkulífeyrisþega sem hefur mjög lágur eða engar tekjur sér til framfærslu aðrar en bætur almannatrygginga. Þannig verði bótaflokkar sameinaðir og þeim þar með fækkað, dregið úr tekjutengingum og útreikningar einfaldaðir auk þess sem hvatar til atvinnuþátttöku verði auknir. **Mars.**

**12. Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk.**

Um er að ræða tillögu til þingsályktunar þar sem fram koma tillögur að forgangsörðun og útfærslu á tímasettum aðgerðum til fjögurra ára. Tillagan er unnin af verkefnastjórn sem hefur það hlutverk að leiða vinnu við heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk, og að stuðla að samvinnu og samhæfingu á milli ráðuneyta, sveitarfélaga og annarra þjónustuaðila. **Mars.**

**13. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (framlenging á bráðabirgðaákvæði I). Desember.**

**14. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (frítækjumark og skerðingarhlutfall greiðslna vegna örorku). Desember.**

# FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA

- 1. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023. September.**
- 2. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023.**

Frumvarpið felur í sér breytingar sem lagðar eru til grundvallar fjárlagafrumvarpi ársins 2023 sem lagt er fram á sama tíma. Frumvarpið verður samið að höfðu samráði við önnur ráðuneyti. **September.**
- 3. Frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings 2021. September.**
- 4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða o.fl.).**

Með frumvarpinu er lagt til að fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í erlendri mynt verði rýmkaðar og að lífeyrissjóðum verði heimilt að senda upplýsingar til sjóðfélaga með rafrænum hætti. *Endurflutt. September.*
- 5. Frumvarp til laga um greiðslureikninga (PAD).**

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2014/92/ESB frá 23. júlí 2014 um samiburð gjalda er varða greiðslureikninga, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að greiðslureikningum. *Innleiðing. Endurflutt. September.*
- 6. Frumvarp til laga um evrópska langtímafjárfestingarsjóði (ELTIF).**

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði. *Innleiðing. Endurflutt. September.*
- 7. Frumvarp til laga um peningamarkaðssjóði.**

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 frá 14. júní 2017 um peningamarkaðssjóði. *Innleiðing. Endurflutt. September.*
- 8. Frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2022. Október.**
- 9. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (starfsleyfi lífeyrissjóða).**

Með frumvarpinu er lagt til að veiting starfsleyfa til lífeyrissjóða og staðfesting á samþykktum þeirra verði færðar frá ráðuneytinu til Seðlabanka Íslands. **Mars.**
- 10. Frumvarp til laga um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum (SFTR).**

Með frumvarpinu er lagt til að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) 648/2012, verði innleidd. Frumvarpið felur meðal annars í sér að tiltekna upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf verða skráðar í viðskiptaskrá til að auka gagnsæi viðskiptanna. *Innleiðing.. Október.*
- 11. Frumvarp til laga um flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.**

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 um upplýsingar tengdar sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (e. Sustainable Finance Disclosure Regulation) og 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (e. Sustainable Finance Taxonomy Regulation). Með frumvarpinu er einnig lagt til að framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1253 frá 21. apríl 2021, um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 að því er varðar þætti, áhættu og valkosti sem tengjast sjálfbærni og skulu gerðir hluti af tilteknum

skipulagskröfum og rekstrarskilyrðum verðbréfafyrirtækja, verði veitt lagagildi með breytingu á lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. *Innleiðing*. **Október**.

**12. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um váttryggingastarfsemi (búsetuskilyrði stjórnenda).**

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur gert athugasemdir við búsetuskilyrði í lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um váttryggingastarfsemi. ESA telur ákvæði laganna um búsetuskilyrði brjóta í bága við 28. og 31. gr. EES-samningsins um staðfesturétt. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á búsetuskilyrðum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum. Breytingarnar fela það í sér að ríkisborgarar EES- og EFTA-ríkja og Færeyingar verða undanskildir búsetuskilyrðum í lögnum. **Október**

**13. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (kaupréttir, mútubrot o.fl.).**

Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld. Um er að ræða ákvæði sem snúa m.a. að kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, lengingu heimildar til endurákvörðunar úr sex árum í tíu ár vegna mútubrota o.fl. **Nóvember**.

**14. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sértryggð skuldabréf og lögum um fjármálafyrirtæki (sértryggð skuldabréf og markaðsáhætta).**

Frumvarpinu er ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 frá 27. nóvember 2019 um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2160 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa. Ákvæðum gerðanna svipar til þess lagaramma sem þegar gildir um sértryggð skuldabréf hér á landi. Frumvarpið felur í sér nokkur nýmæli, þar á meðal um lausafjárkröfur og heimild til að markaðssetja skuldabréf sem evrópsk sértryggð skuldabréf. Þá er gert ráð fyrir því að innleiða með frumvarpinu framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/424 frá 17. desember 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar óhefðbundna staðalaðferð fyrir markaðsáhættu. *Innleiðing*. **Nóvember**.

**15. Frumvarp til laga um breytta gjaldtöku vegna notkunar bifreiða o.fl. (gjaldtaka ökutækja eldsneytis o.fl.).**

Með frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp breytt fyrirkomulag gjaldtöku af bifreiðum með gildistöku hinn 1. janúar 2024. Um er að ræða fyrirkomulag þar sem greitt er fyrir notkun vegakerfisins byggt á aflestri á kílómetrastöðu bifreiða. Samhliða er ráðgert að endurskoðun fari fram á þeim lagabálkum sem gilda um skattlagningu eldsneytis, með tilliti til þess að vægi þeirra verði minna. **Mars**.

**16. Frumvarp til laga um meðferð eignarhluta ríkisins í fyrirtækjum.**

Með frumvarpinu er stefnt að því að styrkja meðferð eignarhluta ríkisins í fyrirtækjum með breyttu fyrirkomulagi þar sem aukin áhersla verður lögð á gagnsæi, jafnræði, lýðræðislega aðkomu þingsins og upplýsingagjöf til almennings. **Febrúar**.

**17. Frumvarp til laga um flýti- og umferðargjöld á höfuðborgarsvæðinu.**

Með frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp nýtt fyrirkomulag gjaldtöku í formi flýti- og umferðargjalda á höfuðborgarsvæðinu með gildistöku hinn 1. janúar 2024. Markmið frumvarpsins er að standa straum af stofnframkvæmdum samgöngumannvirkja, fjármögnun og afleiddum kostnaði slíkrar uppbyggingar. Gjöldunum er ætlað að tryggja nauðsynlega fjármögnun um leið og þeim er ætlað að stuðla að því að markmiðum Samgöngusáttmála ríkis og sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu verði náð. **Mars**.

- 18. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (barnabætur).**  
Með frumvarpinu verður barnabótakerfið styrkt og útvíkkað með það að markmiði að jafna kjör barnafjölskyldna í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. **Desember.**
- 19. Frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði (IORP).**  
Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri. Með frumvarpinu er lagt til að felld verði úr gildi lög um starfstengda eftirlaunasjóði, nr. 78/2007, sem sett voru til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2003/41 frá 3. júní 2003 um sama efni og ný lög sett í þeirra stað. *Innleiðing.* **Janúar.**
- 20. Frumvarp til laga um sölu sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri.**  
Frumvarpið felur í sér innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 frá 20. júní 2019 um að greiða fyrir flutningi sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 345/2013, (ESB) nr. 346/2013 og (ESB) nr. 1286/2014 og innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1160 frá 20. júní 2019 um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2011/61/ESB með tilliti til flutnings sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri. Einnig verða lagðar til breytingar á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, til innleiðingar á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/31/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2011, sem kveða á um heimildir rekstraraðila með staðfestu í þriðja ríki til markaðssetningar á sérhæfðum sjóðum innan EES og einnig sérreglur varðandi markaðssetningu sjóða með staðfestu utan EES. *Innleiðing.* **Janúar.**
- 21. Frumvarp til laga um högun upplýsingatækni í rekstri ríkisins.**  
Með frumvarpinu er stefnt að því að styrkja stefnumótun og framkvæmd upplýsingatæknimála í rekstri ríkisins o.fl. **Janúar.**
- 22. Frumvarp til laga um verðbréfun (STS).**  
Frumvarpið felur í sér innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun, og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012. *Innleiðing.* **Febrúar.**
- 23. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ríkisábyrgðir og lögum um lánaþýsla ríkisins (endurskoðun).**  
Með frumvarpinu er stefnt að því endurskoða lagaákvæði um lánaumsýslu ríkissjóðs og ríkisábyrgðir. Undir lánaumsýslu falla m.a. tekin lán ríkissjóðs, endurlán, ábyrgðir, afleiður, áhættustýring og sjóðsstýring. Meginmarkmið frumvarpsins er að samræma löggjöfina gildandi lögum um opinber fjármál og stefnu í lánamálum. **Febrúar.**
- 24. Frumvarp til laga um fjárfestingar ríkisins.**  
Með frumvarpinu er umgjörð opinberra fjárfestinga gerð skýrari ásamt því að ráðast í heildarendurskoðun á gildandi lögum um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001. Megintilgangur frumvarpsins er að ná fram aukinni gæðatryggingu í fjárfestingum ríkisins ásamt því að tryggja samræmda málsmeðferð við ólíkar tegundir fjárfestinga. **Mars.**
- 25. Frumvarp til laga um samevrópska séreignarafurð (PEPP).**  
Frumvarpið felur í sér innleiðingu á ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 1238/2019 frá 20. júní 2019 um samevrópska einstaklingsbundna lífeyrisvöru (e. Pan-European Personal Pension Product, PEPP) í íslenskan rétt. Um er að ræða nýja valfrjálsa tegund séreignarafurðar sem neytendum innan EES mun standa til boða og er ætlað að auka val neytenda við sparnað til starfsloka. Höfuðstólinn verður mögulegt að flytja á milli EES-ríkjanna. Afurðinni er ekki ætlað að koma í stað þeirra lífeyriskerfa sem fyrir eru. Með frumvarpinu eru jafnframt lagðar

til afleiddar breytingar á öðrum lögum svo sem lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, hvað valfrjálsan lífeyrissparnað varðar og fjárfestingarleiðir vegna hans. *Innleiðing. Mars.*

**26. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. 15/2018 (afleiðuviðskipti, miðlægir mótaðilar o.fl.).**

Með frumvarpinu er lagt til að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2099 frá 23. október 2019 um breytingar á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (EMIR 2.2) verði veitt lagagildi hér á landi með breytingu á lögum nr. 15/2018 um sama efni. Frumvarpið felur í sér breytingar á eftirliti með miðlægum mótaðilum en engir slíkir eru starfandi hérlendis. *Innleiðing. Mars.*

**27. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020 (BRRD II).**

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/879 frá 20. maí 2019 um breytingu á tilskipun (ESB) 2014/59/ESB að því er varðar tapþol og endurfjármögnunargetu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og tilskipun (EB) 98/26/EB. Frumvarpið kveður á um heildarendurskoðun á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja en veigamestu breytingarnar varða IV. kafla laganna sem fjallar um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. *Innleiðing. Mars.*

**28. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (stafræn viðskipti yfir landamæri).**

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar í tengslum við skattlagningu tekna vegna stafrænna viðskipta yfir landamæri. **Mars.**

**29. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (eftirlitsheimildir, uppgjörstímabil o.fl.).**

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um virðisaukaskatt með það að markmiði að styrkja eftirlitsheimildir Skattsins og sporna þannig gegn skattundanskotum og misnotkun á virðisaukaskattskerfinu. Þá eru einnig lagðar til breytingar á uppgjörstímabilum virðisaukaskatts. **Mars.**

**30. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (reiknað endurgjald).**

Með frumvarpinu verða lagðar til endurskoðaðar og einfaldari reglur um reiknað endurgjald í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi aðila í eigin rekstri með það að markmiði að varna mismunun í skattlagningu úttekta eigenda úr félögum. Þá verður regluverk í kringum tekjutilflutning tekið til endurskoðunar til að tryggja að þau sem hafa eingöngu fjármagnstekjur reikni sér endurgjald og greiði þannig útsvar. **Apríl.**

**31. Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028.**

Samkvæmt 5. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun til næstu fimm ára hið skemmsta. Fjármálaáætlunin skal byggð á fjármálastefnu skv. 4. gr. og skilyrðum hennar skv. 7. gr. laganna. **Mars.**

# HÁSKÓLA-, IÐNAÐAR- OG NÝSKÖPUNARRÁÐHERRA

1. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskiptasjóð, nr. 132/2005 (gildistími). Fellt niður.**
2. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996 (endurskoðun).**  
Lög um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargeiranum kveða á um löggildingu starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum. Frumvarpið mælir fyrir um endurskoðun á lögnum með einföldun regluverks að markmiði. **Mars.**
3. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um handiðnað, nr. 42/1978 (útgáfa sveinsbréfa).**  
Með frumvarpinu er mælt fyrir um breytingu á 3. mgr. 12. gr. laga um handiðnað, nr. 42/1978, þannig að í stað þess að ráðherra gefi út sveinsbréf verði það sýslumaður sem gefi þau út, líkt og gildir um meistarabréf. Jafnframt verði skilgreind þau skilyrði sem þarf að uppfylla til þess að geta fengið sveinsbréfið gefið út, sem felast aðallega í að hafa staðist sveinspróf. **Febrúar.**
4. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997 (endurskoðun).**  
Með frumvarpinu er mælt fyrir um almenna endurskoðun á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 67/1997. **Mars.**
5. **Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi.**  
Tillagan byggir á sýn nýs háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis um að lykillinn að bættum lífsgæðum og fleiri tækifærum sé að hugvit verði stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar. Hugvitið, sem er okkar dýrmætasta en um leið vannýttasta auðlind, verði að virkja betur og þannig megi koma í veg fyrir of miklar sveiflur í hagkerfinu og einsleitni starfa. Draga eigi úr því að þekking flæði frá Íslandi og út í heim og jafnframt stuðla að því að þeir sem leiti til landsins séu í auknum mæli sérfræðingar sem skapi ný og spennandi störf. Með aðgerðum sem kynntar eru í tillögunni er ætlunin að leysa úr læðingi þá krafta sem myndast við sameiningu málaflokkanna og þær nýju hugmyndir sem verða til í suðupotti háskóla, vísinda, rannsókna, hugverka, iðnaðar, fjarskipta, upplýsingasamfélags og nýsköpunar. **Janúar.**

## HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

### 1. Frumvarp til sóttvarnalaga.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum í kjölfar heildarendurskoðunar á lögum sem ráðist var í veturinn 2021-2022 með hliðsjón af fenginni reynslu eftir heimsfaraldur SARS-CoV-2-veirunnar. Breytingar frá gildandi lögum varða einkum stjórnábyrgð sóttvarna, feril ákvarðana um opinberar sóttvarnaráðstafanir og aukna aðkomu Alþingis að þeim. *Endurflutt. September.*

### 2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000 (bótaréttur vegna bólusetningar við apabólu).

Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði bráðabirgðaákvæði við lögum þess efnis að gildissvið þeirra verði rýmkað með það að markmiði að treysta skaðabótaréttarlega stöðu þeirra sem kunna að verða fyrir líkamstjóni við eða í kjölfar bólusetningar hér á landi á árunum 2022-2023 gegn apabólu þegar notast er við bóluefni sem íslensk heilbrigðisyfirvöld leggja til. **September.**

### 3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002 (innihaldsefni, rekjanleiki, umbúðir tóbaksvara o.fl.).

Með frumvarpinu er lagt til að gerð verði breyting á lögum til að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum og um niðurfellingu á tilskipun 2001/37/EB. Með frumvarpinu er m.a. lagt til að innleiddar verði reglur tilskipunarinnar um umbúðir tóbaksvara, rekjanleika og skráningu þeirra og tilkynningar um nýjar vörur. Jafnframt verður lagt til að innleiddar verði reglur um jurtavörur til reykinga og takmarkanir á einkennandi bragði og tilteknum aukaefnum í tóbaksvörum. *Innleiðing. Október.*

### 4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna ríkisins).

Með frumvarpinu er lagt til að þrátt fyrir 70 ára reglu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verði unnt að ráða heilbrigðisstarfsfólk til starfa við heilbrigðisþjónustu hjá hinu opinbera fram að 75 ára aldri. Aðgerðin er einn liður af mörgum til að vinna á þeim mikla mönnunarfanda sem er í heilbrigðiskerfinu og er fyrirséð að muni aukast á næstu árum. **Febrúar.**

### 5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um landlækni og lýðheilsu (refsiábyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn óvæntra atvika).

Með frumvarpinu er lagt til að festa í lög um heilbrigðisþjónustu ákvæði um hlutlæga refsiábyrgð heilbrigðisstofnana til að tryggja betur öryggi sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna. Þannig væri hægt að sækja til saka stofnunarinnar (lögaðilann) þegar margir samverkandi þættir eða röð atvika eru orsök alvarlegs atviks. Einnig er lagt til að gerðar verði breytingar á reglum um rannsókn óvæntra atvika þannig að hún fari fyrst og fremst fram hjá embætti landlæknis en ekki samtímis hjá því embætti og lögreglu. Embætti landlæknis geti hins vegar kært mál til lögreglu þegar grunur er um stórkostlegt gáleysi eða ásetning. **Febrúar.**

### 6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997 (takmörkun á beitingu nauðungar).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um réttindi sjúklinga sem fela meðal annars í sér meginreglu um bann við beitingu nauðungar en einnig undanþágur frá meginreglunni þegar brýna nauðsyn ber til að beita nauðung að uppfylltum skilyrðum sem skilgreind eru í frumvarpinu. Enn fremur eru með frumvarpinu lagðar til strangari málsmeðferðarreglur en nú gilda sem fylgja þarf við og í kjölfar slíkra inngrípa, þ.m.t. skráningarskyldu tilvika, kærueimildir og rétt til að bera mál undir dómstóla. **Febrúar.**



**7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996 (geymsla og nýting fósturvísa og kynfrumna).**

Með frumvarpinu er lagt til að slit sambúðar eða hjúskapar leiði ekki sjálfkrafa til þess að þeim kynfrumum eða fósturvísu, sem einstaklingar sem standa að tæknifrjóvgun og eiga í geymslu í kjölfar meðferðar, verði eytt líkt og gildandi ákvæði laganna kveða á um. Hið sama eigi við ef annar einstaklingurinn sem stóð að tæknifrjóvgun andast. **Febrúar.**

**8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afnám refsingar).**

Frumvarpið felur í sér breytingu á ákvæði laganna um vörslu og meðferð á þann hátt að heimila vörslu ávana- og fíkniefna sem teljast til eigin nota. **Mars.**

**9. Tillaga til þingsályktunar um áætlun um framkvæmd geðheilbrigðisstefnu til fimm ára.**

Með vísan til þingsályktunar um stefnu í geðheilbrigðismálum til ársins 2030 verður lögð fram tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun til fimm ára til að hrinda í framkvæmd stefnu í geðheilbrigðismálum. **Janúar.**

**10. Skýrsla heilbrigðisráðherra um áætlun um framkvæmd lýðheilsustefnu til fimm ára.**

Til að hrinda lýðheilsustefnu til ársins 2030 í framkvæmd skal gera áætlanir um aðgerðir til fimm ára í senn í samráði við helstu aðila, svo sem sveitarfélög. Slíkar áætlanir verði uppfærðar árlega meðan lýðheilsustefnan er í gildi. Heilbrigðisráðherra skal leggja árlega fram aðgerðaáætlanir lýðheilsustefnunnar til umræðu á Alþingi. **Desember.**

**11. Skýrsla heilbrigðisráðherra um áætlun um framkvæmd heilbrigðisstefnu til fimm ára.**

Til að hrinda heilbrigðisstefnu til ársins 2030 í framkvæmd skal gera áætlanir um aðgerðir til fimm ára í senn. Slíkar áætlanir verði uppfærðar árlega meðan heilbrigðisstefnan er í gildi. Heilbrigðisráðherra skal leggja árlega fram aðgerðaáætlanir heilbrigðisstefnu til umræðu á Alþingi. **Mars.**

## INNVIÐARÁÐHERRA

- 1. Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994 (skráningarskylda húsaleigusamninga og hækkun leigufjárhæðar).**

Frumvarpið hefur það annars vegar að markmiði að bæta upplýsingar um leigumarkaðinn með skráningarskyldu leigusamninga og breytinga á leigufjárhæð í opinberan gagnagrunn (húsnæðisgrunn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar) og hins vegar að bæta brunavarnir í íbúðarhúsnæði með úttekt og skráningu niðurstöðu ástandsskoðunar í leigusamning. *Endurflutt. September.*
- 2. Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða).**

Frumvarpinu er ætlað að tryggja afhendingaröryggi raforku með því að einfalda skipulags- og leyfisveitingarferli framkvæmda í flutningskerfi raforku. Með breytingunum er heimilt að vinna sérstakt raflínuskipulag sem nær til tveggja eða fleiri sveitarfélaga og markar stefnu fyrir tiltekna framkvæmd í flutningskerfi raforku. Enn fremur er ráðherra heimilt að skipa raflínunefnd til að annast gerð raflínuskipulags, veita framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda á flutningskerfi raforku og hafa eftirlit með framkvæmd raflínuskipulagsins og þeim framkvæmdum sem nefndirnar veita leyfi fyrir. *Endurflutt. September.*
- 3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971 (tilfærsla á innheimtu meðlaga o.fl.).**

Málefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga hafa verið til umfjöllunar á milli ríkis og sveitarfélaga um langt skeið eða frá árinu 2002. Skýr vilji er hjá sveitarfélögum í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga að verkefni Innheimtustofnunar verði færð til ríkisins, ekki síst vegna áhrifa rekstursins á fjárhagsstöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Með yfirfærslunni sem mælt er fyrir um í frumvarpinu er tryggð samfella í þjónustu við gjaldendur meðlaga á Íslandi, innheimta ríkisins er samræmd og réttaröryggi skuldara er bætt. Úttekt Ríkisendurskoðunar um stöðu Innheimtustofnunar og valkosti um framtíðarfyrirkomulag innheimtunnar er væntanleg. *September.*
- 4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um pósthjónustu, nr. 98/2019 (úrbætur á póstmarkaði).**

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi áformað að setja lagastoð fyrir innleiðingu framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1263 frá 20. september 2018 um eyðublöð fyrir framlagningu upplýsinga frá veitendum bögglaútbudarþjónustu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644. Í öðru lagi er áformað að breyta 1. másl. 5. mgr. 27. gr. laga um pósthjónustu, nr. 98/2019, í því skyni að greiða fyrir aukinni notkun bréfastasamstæða. Þá er í þriðja lagi áformað að lagfæra mistök sem urðu við frumvarpsgerð þegar málaflokkurinn var fluttur til Byggingastofnunar en þá láðist að afmá orðið „Póst- og fjarskiptastofnun“ út úr lögnum að fullu. *Innleiðing. September.*
- 5. Frumvarp til laga um leigubifreiðaakstur.**

Frumvarpið felur í sér nýja heildarlöggjöf um leigubifreiðaakstur hér á landi. Markmið frumvarpsins er að tryggja örugga og góða þjónustu og auka frelsi á leigubifreiðamarkaðnum. *Endurflutt. September.*
- 6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2018 (EES-reglur).**

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á gildissviði laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017, svo tryggja megi lagastoð til innleiðingar EES-gerðar er varðar flutninga á vegum. Gerðin sem um ræðir er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1055 frá 15. júlí 2020 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1071/2009, (EB) nr. 1072/2009 og (ESB) nr. 1024/2012 að því er varðar að aðlagja þær að þróun sem orðið hefur á sviði flutninga á vegum. Einnig er stefnt

að því að gera breytingar á tilteknum ákvæðum laganna er varða leyfisveitingar til einföldunar. *Innleiðing. September.*

- 7. Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019 (EES-reglur, ökutæki o.fl.).**  
Frumvarpinu er ætlað að tryggja lagastoð til innleiðingar tiltekinna EES-gerða sem varða markaðseftirlit og öryggi ökutækja og jafnframt greiða fyrir fullgildingu Íslands á tveimur alþjóðlegum samningum um gerð og búnað ökutækja, gagnkvæma viðurkenningu o.fl. *Innleiðing. Október.*
- 8. Frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.**  
Frumvarpið miðar að því að til séu heildstæð lög um uppbyggingu og rekstur flugvalla á Íslandi og rekstur flugumferðarþjónustu sem leysi af hólmi gildandi lagaumhverfi um starfsemi Isavia ohf. sem nú starfar á grundvelli þrenna laga. Ákvæði þeirra eru dreifð, takmörkuð og að einhverju leyti úrelt. Í frumvarpinu eru ákvæði um hlutverk flugvallanna í heildarsamgöngukerfi landsins og hvernig stefnumörkun samgönguyfirvalda skuli framfylgt. Loks er í frumvarpinu skotið stoðum undir töku varaflugvallargjalds. **Október.**
- 9. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (EES-reglur).**  
Frumvarpið er liður í að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/352 frá 15. febrúar 2017 um að setja ramma um veitingu hafnarþjónustu og reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir. Frumvarpið er að hluta til efnislega samhljóða frumvarpi sem ráðherra mælti fyrir á 151. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. *Innleiðing. Endurflutt. Febrúar.*
- 10. Frumvarp til laga um breytingar á skipulagslögum, nr. 123/2012 (framboð hagkvæms húsnæðis).**  
Frumvarpinu er ætlað að tryggja framboð hagkvæms húsnæðis með því að lögfesta heimild sveitarfélaga til að skilyrða notkun lands til uppbyggingar hagkvæmra íbúða á viðráðanlegu verði, óháð eignarhaldi lóða. Breytingin er í samræmi við aðgerðaáætlun rammisamnings ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023 – 2032 og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum sem var undirrituð 12. júlí 2022. **Október.**
- 11. Frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða.**  
Í frumvarpinu er lagt til að heimild verði veitt til stofnunar opinbers hlutafélags um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða með það að markmiði að flýta þjóðfélagslega mikilvægum samgönguframkvæmdum. Hlutverk slíks félags verður skilgreint nánar ásamt þeim heimildum sem það hefur. **Mars.**
- 12. Frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála.**  
Frumvarpinu er ætlað að taka næsta skref í samhæfingu áætlana á málefnasviði innviðaráðuneytisins en fyrsta skrefið var tekið með lögum nr. 53/2018. Í innviðaráðuneytinu eru fimm megin svið sem leggja grunn að innviðum og þjónustu í samfélaginu: sveitarstjórnarmál, byggðamál, samgöngumál, skipulagsmál og húsnæðismál. Þessi svið mynda eina heild þar sem starfsemi eins hefur mikil áhrif á hin. Með því að samræma og samhæfa stefnur og áætlanir á þessum sviðum gefst kostur á að hámarka árangur og jákvæð áhrif stefnumörkunarinnar, enda verði tekið mið af tengdum málefnum og horft lengra en til sérstakra verkefna einstakra málaflokka. **Nóvember.**
- 13. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.).**  
Frumvarpið felur í sér breytingar á ákvæðum er lúta að gjaldtöku vegna fiskeldis, skilgreiningu hafnarsvæða, kærnum á gjaldskrárákvæðum hafna og hlutverki Samgöngustofu og Vegagerðarinnar á þessu sviði. Frumvarpið er að hluta til efnislega samhljóða frumvarpi sem ráðherra mælti fyrir á 151. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. *Endurflutt. Nóvember.*

**14. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003 (skipulag, gjalddtaka o.fl.).**

Frumvarpið felur í sér endurskoðun ákvæða um stjórnun og hlutverk vaktstöðvar siglinga. Þá er kveðið á um heimild til að gera þjónustusamninga um einstaka þætti rekstursins og um tilkynningarskyldu farþegaskipa sem sigla milli hafna hér á landi. **Febrúar.**

**15. Frumvarp til laga um almenningssamgöngur.**

Frumvarpið felur í sér ný heildarlög um almenningssamgöngur í lofti, á láði og legi. Skapaður er rammi um samþætt kerfi almenningssamgangna og tengingar ólíkra ferðamáta innan kerfisins. Þá eru ákvæði annarra laga er varða réttindi farþega færð í lög um almenningssamgöngur. Markmið frumvarpsins er að stuðla að virkum, öruggum og hagkvæmum almenningssamgöngum og auka hlutdeild þeirra í samgöngum almennt. **Febrúar.**

**16. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun.**

Tillaga til endurskoðaðrar þingsályktunar um samgönguáætlun er lögð fram í samræmi við ákvæði laga. Í henni skal mörkuð stefna og markmið fyrir allar greinar samgangna til 15 ára og aðgerðaáætlun til fimm ára. **Janúar.**

**17. Tillaga til þingsályktunar um húsnæðisstefnu.**

Tillaga til þingsályktunar um húsnæðisstefnu er lögð fram í samræmi við ákvæði laga um húsnæðismál. Í henni er mótuð opinber stefna í húsnæðismálum til fjögurra ára í senn. Stefnunótunin miðar við fimmtán ár og enn fremur er lögð fram aðgerðaáætlun til fimm ára. **Janúar.**

**18. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótun ríkisins í málefnum sveitarfélaga.**

Í sveitarstjórnarlögum er kveðið á um að ráðherra sveitarstjórnarmála skuli að minnsta kosti á þriggja ára fresti leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga til fimmtán ára í senn. Í áætluninni skal jafnframt mörkuð aðgerðaáætlun til næstu fimm ára á þessu sviði. Hinn 29. janúar 2020 var gildandi áætlun samþykkt fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir 2019-2023. **Janúar.**

**19. Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu.**

Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu er lögð fram á grundvelli skipulagslaga. Í henni er mótuð opinber stefna í skipulagsmálum, einkum landsskipulags. Stefnunótunin miðar við fimmtán ár og enn fremur er lögð fram aðgerðaráætlun til fimm ára. **Mars.**

# MATVÆLARÁÐHERRA

- 1. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna gjaldskrár Matvælastofnunar (gjaldskrárheimildir).**

Frumvarpinu er ætlað að samræma gjaldskrárheimildir Matvælastofnunar á milli lagabálka og jafnframt að setja inn gjaldskrárheimildir þar sem þær skortir en Matvælastofnun sinnir opinberu eftirliti. Að auki er mælt fyrir um heimildarákvæði í lög um fóður, áburð og sáðvöru sem varðar lyfjablandað fóður, þar sem ábyrgð á lyfjablönduðu fóðri er færð frá Lyfjastofnun til Matvælastofnunar. **Október.**
- 2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 (aflvísar o.fl.).**

Í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands er mælt fyrir um skilyrði sem varða heimildir smærri togskipa til veiða innan 12 mílna beltis fiskveiðilandhelginnar, m.a. um hámarkslengd og vélarafl. Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á þessum reglum hvað varðar svonefnda aflvísa í því skyni að greiða fyrir orkuskiptum og þá sérstaklega notkun tvíorkuskipa í fiskveiðum. **Nóvember.**
- 3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (rafvæðing smábáta).**

Með frumvarpinu er lagt til að með bráðabirgðaákvæði verði þeim fiskiskipum heimilt á fiskveiðiárinu 2022/2023 sem knúin eru rafmagni sem aðalafgjafa að landa 750 kg í þorskígildum talið af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð á strandveiðum. **Nóvember.**
- 4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (afnám tegundatilfærslu í deilistofnum botnfisks, gullkarfa og grálúðu).**

Með frumvarpinu er lagt til að breytt verði ákvæðum laga sem varða tegundatilfærslu í deilistofnum botnfisks (gullkarfa og grálúðu) jafnframt því að sett verði hámarksviðmiðun um flutninga vannýttis aflamarks til veiða á deilistofnum, milli ára. **Nóvember.**
- 5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (svæðaskipting strandveiða).**

Með frumvarpinu er lagt til að tekin verði að nýju upp svæðis- og kvótaskipting strandveiða sem miði við fjögur svæði með hliðsjón af veiðanleika botnfisks á hverju svæði um sig. **Febrúar.**
- 6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (veiðistjórn grásleppu).**

Með frumvarpinu er lögð til markvissari veiðistjórnun á grásleppu. Horft er til þeirra sjónarmiða sem komið hafa fram um veiðistjórn grásleppu undanfarin ár, þ.m.t. um skiptingu milli svæða og aðgerðir sem sporni gegn samþjöppun. **Febrúar.**
- 7. Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 (samkeppni í framleiðslu og sölu búvöru).**

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á búvörulögum í því skyni að styrkja stöðu og samtakamátt frumframleiðenda búvara og ýta undir samvinnu og hagræðingu í vinnslu og markaðssetningu búvara. **Febrúar.**
- 8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um landgræðslu og lögum um skógrækt (sameining stofnana).**

Með frumvarpinu er mælt fyrir um sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar. **Febrúar.**

**9. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006 (gildissvið).**

Með frumvarpinu er lagt til að gildissvið laga um lax- og silungsveiði verði víkkað út þannig að það nái til hnúðlaxa. Um leið að heimiluð verði ádráttarveiði á hnúðlaxi og mótuð aðgerðaáætlun um upprætingu stofnsins í veiðiám. **Mars.**

**10. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (viðurlög og tengdir aðilar).**

Með frumvarpinu er brugðist við ábendingum í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2019. Lagt er til að komið verði á fót heildstæðu viðurlagakerfi vegna brota á helstu lögum á sviði fiskveiðistjórnar; á lögum nr. 57/1996, nr. 116/2006, nr. 79/1997, nr. 22/1998 og nr. 151/1996. Þá er lagt til að hugtakið raunveruleg yfirráð við framkvæmd reglna um hámarksaflahlutdeild og tengda aðila verði afmarkað nánar. **Mars.**

**11. Tillaga til þingsályktunar um Matvælastefnu.**

Matvælastefnunni er ætlað að verða leiðarstef í matvælaframleiðslu á Íslandi. Með henni verður lagður grunnur að sjálfbærri stefnu Íslands í málaflokknum þar sem markmið og aðgerðir eru skýrt afmarkaðar til langs tíma. **Febrúar.**

**12. Tillaga til þingsályktunar um Landbúnaðarstefnu Íslands.**

Með landbúnaðarstefnunni er ætlunin að skapa skýrari sýn og áherslur fyrir landbúnað. Grundvöllur hennar er skýrslan *Landbúnaðarstefnan Ræktum Ísland! Landbúnaður á 21. öld.* Með stefnunni er hugað að umgjörð landbúnaðar í heild og er henni ætlað að liggja til grundvallar við endurskoðun búvörusamninga árið 2023 og síðar. **Febrúar.**

## MENNINGAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

- 1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (hluthafafundur o.fl.).**

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög sem varða skráð félög og lúta að deili á hluthöfum, hlutverki milliliða í sendingu upplýsinga frá félagi til hluthafa o.fl. Innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/828 frá 17. maí 2017 um breytingu á tilskipun 2007/36/EB að því er varðar hvatningu til þátttöku hluthafa til lengri tíma. *Innleiðing. Endurflutt. September*
- 2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019 (skipti eða slit tiltekinna skráningarskyldra aðila).**

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði tvö ný ákvæði til bráðabirgða við lög um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019, er varða slit skráningarskyldra aðila sem sinna ekki skráningarskyldu samkvæmt lögnum. Frumvarpið er liður í að ljúka aðgerðum á sviði varna gegn peningabætti á fjármögnun hryðjuverka. *Endurflutt. September.*
- 3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (styrkir til einkarekinna fjölmiðla).**

Frumvarpið framlengir styrki til einkarekinna fjölmiðla og lagðar eru til breytingar á gildandi fyrirkomulagi sem er ætlað að auka fyrirsjáanleika styrkjanna. **Október.**
- 4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist, nr. 110/2016 (framlenging á gildistíma).**

Frumvarpið felur í sér framlengingu á gildistíma laganna auk endurskoðunar á ýmsum þáttum í ljósi reynslu undanfarinna ára af beitingu laganna. **Október.**
- 5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (endurskoðun).**

Frumvarpið felur í sér endurskoðun á tilteknum þáttum varðandi framkvæmd á reglum um starfslaun listamanna. **Mars.**
- 6. Frumvarp til laga um tónlistarmiðstöð.**

Með frumvarpinu eru lögð til ný heildarlög um stuðningsumhverfi tónlistargeirans sem felur í sér stofnun Tónlistarmiðstöðvar og breytt tónlistarsjóðs. Frumvarpið felur í sér brottfall sérlaga um Sinfóníuhljómsveit Íslands og tónlistarsjóð sem fjallað er um í sérstökum köflum laganna. **Október.**
- 7. Frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 137/2001 (skilyrtir styrkir til sjónvarpsþáttagerðar).**

Frumvarpið byggist að meginhluta á kvikmyndastefnu til ársins 2030 sem var kynnt 6. október 2020 á vef Stjórnarráðsins. Þar er kallað eftir breyttu fyrirkomulagi í sjóðakerfi kvikmyndagerðar til að koma til móts við nýja tíma sem einkennast af hröðu þróunar- og fjármögnunarferli verkefna. Með frumvarpinu er einnig skert á atriðum er varða Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndamiðstöð Íslands. Meginefni frumvarpsins er að kveða skýrt á um heimild Kvikmyndasjóðs til að veita skilyrta styrki til sjónvarpsþáttagerðar. *Endurflutt. Október.*
- 8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja (samkeppnismat OECD).**

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tillögum OECD til að bæta skilyrði fyrir virkri samkeppni í ferðaþjónustu. **Október.**
- 9. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995. (innleiðing EES-gerðar).**

Með frumvarpinu er mælt fyrir um innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/828 frá 17. maí 2017 um breytingu á tilskipun 2007/36/EB að því er varðar hvatningu til

þátttöku hluthafa til lengri tíma (SRD II). Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög sem varða að mestu félög þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði og lúta að deili á hluthöfum slíkra félaga, upplýsingagjöf o.fl. *Innleiðing. Janúar.*

**10. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003 (innleiðing reglugerðar).**

Með frumvarpinu er mælt fyrir um innleiðingu á ákvæðum tilskipana og reglugerða (ESB) um samtengingakerfi skráa EES-ríkjanna samkvæmt 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar og samkvæmt 30. og 31. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins 2005/60/EB og tilskipun ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB. Annars vegar er um að ræða upplýsingar í fyrirtækjaskrá EES-ríkjanna (BRIS – Business Registers Interconnection System) og hins vegar er um að ræða upplýsingar í skráum um raunverulega eigendur í EES-ríkjunum (BORIS – Beneficial Ownership Registers Interconnection System). *Innleiðing. Janúar.*

**11. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurskoðendur og lögum um ársreikninga (upplýsingar um hluthafa, siðareglur endurskoðenda, endurskoðunarnefndir, innleiðing, o.fl.).**

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar í samræmi við ábendingar og athugasemdir haghafa og innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/56/ESB um breytingu á tilskipun 2006/43/EB um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila. *Innleiðing. Nóvember.*

**12. Frumvarp til laga um breytingu á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, og fleiri lögum (rafrænar þinglýsingar, skuldaviðurkenningar o.fl.).**

Frumvarpinu er ætlað að skapa traustari grundvöll fyrir þinglýsingu rafrænna skjala og þannig styðja við framgang rafrænna þinglýsinga almennt. Frumvarpið er samið í starfshópi með fulltrúum menningar- og viðskiptaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins. *Nóvember.*

**13. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (hljóð- og myndmiðlunarþjónusta).**

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1808 frá 14. nóvember 2018 um breytingu á tilskipun 2010/13/ESB um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnisýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. *Innleiðing. Janúar.*

**14. Frumvarp til laga um bókhald.**

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögnum með áherslu á rafrænt bókhald og einföldun í þágu minni félaga. *Febrúar.*

**15. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006. (sektarákvæði, framkvæmd ársreikningaskrár, stærðarmörk félaga og endurskoðunarmörk).**

Frumvarpið felur í sér endurskoðun í ljósi reynslu varðandi sektarákvæði seinni skila ársreiknings til opinberrar birtingar samkvæmt lögum um ársreikninga. Einnig fer fram endurskoðun á stærðarmörkum félaga skv. 2. gr. laganna og endurskoðunarmörk félaga skv. 98. gr. laganna. *Mars.*

**16. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (arðgreiðslur, samruni o.fl.).**

Frumvarpið felur í sér endurskoðun á ákvæðum laga um hlutafélög, laga um einkahlutafélög og laga um ársreikninga um annars vegar arðgreiðslur og hins vegar samruna. *Mars.*



**17. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (innleiðing).**

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2121 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á tilskipun (ESB) 2017/1132 að því er varðar breytingar, samruna og skiptingu í kjölfar flutninga yfir landamæri. *Innleiðing. Mars.*

**18. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006 (heildarendurskoðun).**

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á ákvæðum laganna þar sem einkum verður horft til þess að samræma framkvæmd þeirra við framkvæmd á öðrum Norðurlöndum. **Mars.**

**19. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (innleiðing EES gerðar).**

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/1151 frá 20. júní 2019 um breytingu á tilskipun (ESB) 2017/1132 að því er varðar notkun stafrænna tækja og ferla í félagarétti. *Innleiðing. Mars.*

**20. Frumvarp til markaðssetningarlaga.**

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á ákvæðum laga um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, nr. 141/2001, laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, laga um Neytendastofu, nr. 62/2005, og laga um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, nr. 20/2020. Markmið endurskoðunarinnar er að tryggja góða neytendavernd, tryggja bætt samræmi við EES-rétt, auka skýrleika og léttu reglubyrði. Frumvarpið felur einnig í sér innleiðingu á hluta tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2161 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB, 2005/29/EB og 2011/83/ESB að því er varðar betri framfylgd og nútímavæðingu reglna Sambandsins um neytendavernd (tilskipun um nútímavæðingu). *Innleiðing. Mars.*

**21. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendakaup, nr. 48/2003, o.fl. (innleiðing).**

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um neytendakaup, nr. 48/2003, með síðari breytingum vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/770 frá 20. maí 2019 um tiltekna þætti varðandi samninga um afhendingu á stafrænu efni og stafrænni þjónustu og vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/771 frá 20. maí 2019 um tiltekna þætti varðandi samninga um sölu á vörum, um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/2394 og tilskipun 2009/22/EB og um niðurfellingu tilskipunar 1999/44/EB. Þá felur frumvarpið auk þess í sér innleiðingu á hluta tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2161 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB, 2005/29/EB og 2011/83/ESB að því er varðar betri framfylgd og nútímavæðingu reglna Sambandsins um neytendavernd. *Innleiðing. Mars.*

**22. Tillaga til þingsályktunar um myndlistarstefnu. Desember.**

**23. Tillaga til þingsályktunar um tónlistarstefnu. Desember.**

## MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐHERRA

- 1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, nr. 45/2019 (hlutverk og meðferð upplýsinga).**

Frumvarpinu er ætlað að aðlaga ákvæði laganna að þeim breytingum sem orðið hafa á starfi samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs frá því hann tók til starfa. Einnig eru lagðar til breytingar sem tengjast heimildum til vinnslu og miðlunar persónuupplýsinga, þ.m.t. viðkvæmra persónuupplýsinga sem og aðgangi að gögnum. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að samræma ákvæði laganna við ákvæði íþróttalaga. *Endurflutt. Desember.*
- 2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (vinnustaðanám, samningar við einkaskóla o.fl.).**

Frumvarpið felur í sér breytingu á gildandi lögum um framhaldsskóla sem miða m.a. að því að aðlaga tiltekin ákvæði laganna að þróun sem orðið hefur á málefnasviðinu og samræma hugtakanotkun. Með frumvarpinu eru m.a. lagðar til breytingar á ákvæðum laganna sem snúa að hlutverki starfsgreinaráðs, vinnustaðanámi, námsmati og samningum ráðherra við framhaldsskóla. **Mars.**
- 3. Frumvarp til laga um Menntarannsóknasjóð.**

Frumvarpið felur í sér lögfestingu á Menntarannsóknasjóði sem er nýr rannsóknasjóður sem er ætlað að styðja með markvissum hætti við skólaþróun og umbætur í menntamálum á öllum skólastigum. Með frumvarpinu er ætlunin að kveða á um stofnun sjóðsins, hlutverk hans og tilgang. Þar verður einnig fjallað um skilyrði úthlutana úr sjóðnum og fleiri atriði. **Mars.**
- 4. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu, snemmtækur stuðningur o.fl.).**

Frumvarpið felur í sér breytingar á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og barnamálaráðuneytis í því skyni að samræma löggjöf við ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og styrkja umgjörð um þjónustu og snemmtækan stuðning í þágu barna. **Mars.**
- 5. Frumvarp til laga um barnavernd.**

Frumvarpið felur í sér síðari hluta heildarendurskoðunar barnaverndarlaga, nr. 80/2002. **Mars.**
- 6. Frumvarp til laga um mælaborð um farsæld barna.**

Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta heimildir stjórnvalda til að mæla og kanna líðan, velferð og farsæld barna og safna upplýsingunum í sérstakt mælaborð. Markmiðið með söfnun gagna um farsæld barna er að fá betri yfirsýn yfir stöðu barna á Íslandi sem unnt er að nýta við stefnumótun, forgangsröðun fjármuna og fleiri atriði. **Mars.**
- 7. Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2026.**

Framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar er lögð fram skv. 5. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Í áætluninni verða settar fram tillögur um áherslur stjórnvalda í málaflokknum og lagðar til helstu aðgerðir og framkvæmdir á málefnasviðinu næstu ár. **Mars.**

## UMHVERFIS-, ORKU- OG LOFTSLAGSRÁÐHERRA

- 1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (EES-innleiðing, undanþága frá starfsleyfi).**

Með frumvarpinu er lagt til að skilyrði fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi á grundvelli laganna verði útfærð nánar með hliðsjón af athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið. *Endurflutt. September.*
- 2. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við leit, rannsóknum og vinnslu kolvetnis í efnahagslögsöggunni (bann við olíuleit).**

Með frumvarpinu er lagt til að stefnu stjórnvalda verði fylgt eftir með lagasetningu þar sem lagt er bann við því að veita leyfi til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis (olíu) í efnahagslögsöggunni. Auk niðurfellingar viðkomandi löggjafar er í frumvarpinu að finna ýmsar breytingar á lögum þar sem er að finna vísun til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis í efnahagslögsöggunni. Að meginstefnu til er um að ræða brottfall lagaákvæða sem að þessu lúta. *Endurflutt. Mars.*
- 3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (geymsla koldíoxíðs).**

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á VI. kafla A laganna sem fjallar um geymslu koldíoxíðs í jörðu sem eru nauðsynlegar til að samræma orðalag laganna við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og til að tryggja fullnægjandi innleiðingu tilskipunarinnar. *Innleiðing. Mars.*
- 4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um menningarminjar, nr. 80/2012 (aldursfriðun o.fl.).**

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um menningarminjar sem fjalla um 100 ára regluna, þ.e. friðun fornminja sem eru 100 ára og eldri. *Október.*
- 5. Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (kerfisframlag dreifiveitna).**

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á raforkulögum til að tryggja að dreifiveitur geti rukkað kerfisframlag vegna nýrra tenginga eða styrkingar á dreifikerfinu. Með frumvarpinu er brugðist við úrskurði úrskurðarnefndar raforkumála í máli nr. 8/2021 þar sem úrskurðarnefndin taldi ekki lagaheimild fyrir gjaldtökunni. *Október.*
- 6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 136/2013 (hlutafélag um rekstur Carbfix).**

Í frumvarpinu er lagt til að mælt verði með skýrum hætti fyrir um heimild Orkuveitu Reykjavíkur til að eiga hlut í hlutafélagi sem starfar á samkeppnismarkaði og tengist Carbfix-verkefninu. *Janúar.*
- 7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (losun úrgangs í náttúrunni).**

Með frumvarpinu er lagt til að skilgreint verði sérstaklega í lögum um náttúruvernd að óheimilt sé að losa úrgang í náttúrunni og að um meðferð slíks úrgangs fari eftir lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Úrlausnarefnið er að kveða skýrar á um að í þeirri skyldu felist bann við að losa úrgang í náttúrunni, svo sem á þjóðvegum og í óbyggðum, og auka þar með vitundarvakningu almennings og koma í veg fyrir að úrgangur sé losaður í náttúrunni með tilheyrandi mengun. *Janúar.*

- 8. Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (samningar um raforkukaup).** Með frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót kerfi sem felur í sér að sölufyrirtæki raforku sjái um að koma á samningum við notendur um raforkukaup. Til skoðunar er að setja notendur í þrautavaraviðskipti þegar nauðsynlegt er vegna tæknilegra eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna. **Mars.**
- 9. Frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.** Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun gildandi laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Frumvarpið var lagt fram á 151. löggjafarþingi. *Endurflutt með breytingum. Febrúar.*
- 10. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 (markmiðsákvæði, endurskoðun hættumats, sektir o.fl.).** Í frumvarpinu eru að finna ákvæði um markmið með lögnum, aukið er á skýrleika tiltekinna ákvæða, lagðar til breytingar á ákvæðum um endurskoðun hættumats, eftirlit, um nýtingu húseigna og innheimtu gjalda og lögð til sektarákvæði. Frumvarpið var lagt fram á 151. löggjafarþingi. *Endurflutt með breytingum. Mars.*
- 11. Frumvarp til laga um vindorku.** Í frumvarpinu er tillögur um lagaramma í kringum nýtingu vindorku með það að markmiði að einfalda uppbyggingu vindorkuvera. **Mars.**
- 12. Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (orkuöryggi).** Með frumvarpinu eru útfærðar tillögur starfshóps um orkuöryggi þar sem m.a. eru lagðar til alþjónustuskyldur og skyldur aðila á raforkumarkaði til að sinna orkuþörf alþjónustunotenda. **Mars.**
- 13. Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um Orkustofnun (sjálfstæði raforkueftirlits).** Með frumvarpinu er lagt til að útfæra nánar ákvæði raforkulaga og laga um Orkustofnun í ljósi athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA og krafna tilskipunar 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu tilskipunar 2003/54/EB gagnvart sjálfstæðu raforkueftirliti. **Mars.**
- 14. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (breyting á stjórnarsýslu loftslagsmála o.fl.).** Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar-græns framboðs kemur fram að stjórnarsýsla loftslagsmála verði styrkt og hlutverk Loftslagsráðs tekið til endurskoðunar með aukinni áherslu á ráðgefandi hlutverk og vísindastarf auk aðhalds- og eftirlitshlutverks gagnvart stjórnvöldum. Frumvarpið felur í sér endurskoðun á hlutverki Umhverfisstofnunar hvað snertir loftslagsstefnu ríkis og sveitarfélaga. **Mars.**
- 15. Frumvarp til laga um eldsneytisbirgðir.** Með frumvarpinu er lagt til að mælt sé fyrir um lágmarksbirgðahald jarðefnaeldsneytis í samræmi við orkustefnu Íslands, skýrslu Þjóðaröryggisráðs frá 2021 og aðgerðir sem átakshópur um úrbætur á innviðum skilgreindi í kjölfar óveðursins 2019. **Mars.**
- 16. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004 (EES-innleiðing, móttaka úrgangs í höfnum).** Með frumvarpinu er lagt til að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttöku úrgangs frá skipum, sem breytir tilskipun (ESB) 2010/65 og fellir úr gildi tilskipun (ESB) 2000/59. Tilskipunin kemur í stað eldri tilskipunar um sama efni sem hefur verið innleidd hér á landi. Gera þarf nokkrar breytingar á lögnum vegna innleiðingar á tilskipuninni. *Innleiðing. Mars.*

**17. Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti.**

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti var samþykkt á Alþingi í maí 2017 og miðar hún að því að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis og aukið hlutfeld endurnýjanlegra orkugjafa sem hafi í för með sér orkusparnað, aukið orkuöryggi, minni staðbundna mengun og losun gróðurhúsalofttegunda o.fl. Leiðarljósin eru tiltekin markmið um orkuskipti, hagrænar forsendur fyrir orkuskiptum og orkusparnaði, uppbygging innviða, orkusparnaður, samstarf og rannsóknir, þróun og nýsköpun og alþjóðasamstarf. Í tillögu að endurskoðaðri aðgerðaáætlun um orkuskipti verður byggt á greiningu á stöðu orkuskipta og tekið mið af loftslags- og orkumarkmiðum Íslands og sviðsmyndum þeim tengdum. **Mars.**

**18. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002 (hringrásarhagkerfi, umbúdatafla, reiknireglur, viðaukar). Desember.**

## UTANRÍKISRÁÐHERRA

**1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008 (frysting fjármuna, skráning á lista yfir þvingunaraðgerðir o.fl.).**

Með frumvarpinu er lagt til að við lögina verði bætt ákvæðum þannig að lögbæru stjórnvaldi verði í ákveðnum tilfellum heimilt að leita eftir sérfræðimati á þjónustu eða hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu þegar sótt er um útflutningsleyfi og gjaldtökuheimild vegna slíks mats. Jafnframt er lagt til að bætt verði inn reglugerðarheimild þannig að unnt verði að setja reglugerð um framkvæmd laganna með hliðsjón af framkvæmd þeirra undanfarin ár. Samhliða eru lögina endurskoðuð með hliðsjón af nýrri reglugerð Evrópusambandsins sem kemur á fót stjórnkerfi Evrópusambandsins um eftirlit með útflutningi, miðlun, tæknilegri aðstoð og flutningi hluta sem hafa tvíþætt notagildi. **Febrúar.**

**2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu, nr. 58/2010 (sérfræðimat, gjaldtaka, reglugerðarheimild o.fl.).**

Með frumvarpinu eru gerðar breytingar á lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008, til að samræma framkvæmd þeirra ákvæðum nýrra laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019. Samhliða eru ákvæði laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða endurskoðuð í ljósi þeirrar reynslu sem komin er á þau, m.a. hvað varðar gildissvið þeirra með tilliti til breytinga á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018. **Febrúar.**

**3. Tillaga til til þingsályktunar um staðfestingu rammisamnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar.**

Með rammisamningnum eru lagðar til þær breytingar á núverandi samningsframkvæmd að horfið verði frá gerð árlegs bréfskiptasamnings Íslands og Færeyja um fiskveiðar í lögsögu ríkjanna, sem lagður hefur verið fyrir Alþingi. Þess í stað verði heimilt að semja um þessi fiskveiðiréttindi, sem og önnur skyld atriði, á samráðsfundum ríkjanna sem haldnir verði á grundvelli heimildar í rammisamningnum. **September.**

**4. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn, ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn og ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem ekki hefur enn verið tekin.**

1) Ákvörðun nr. 151/2022: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingar tengdar sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088. 2) Ákvörðun nr. 138/2022: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1255 frá 21. apríl 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 231/2013 að því er varðar áhættu tengda sjálfbærni og sjálfbærniþátta sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða eiga að taka tillit til; framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1256 frá 21. apríl 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 að því er varðar samþættingu áhættu tengda sjálfbærni í stjórnkerfum váttrygginga- og endurtryggingafélaga; framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1257 frá 21. apríl 2021 um breytingar á framseldum reglugerðum (ESB) 2017/2358 og (ESB) 2017/2359 að því er varðar samþættingu sjálfbærniþátta, sjálfbærniáhættu og óska um sjálfbærni við kröfur um afurðaeftirlit og -stýringu fyrir váttryggingafélög og dreifingaraðila váttrygginga og við reglur um viðskiptahætti og fjárfestingarráðgjöf fyrir váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir og framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1270 frá 21. apríl 2021 um breytingu á tilskipun

2010/43/ESB að því er varðar áhættu tengda sjálfbærni og sjálfbærniþætti sem taka á tillit til í tengslum við verðbréfasjóði (UCITS). **Október.**

**5. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2021, nr. 54/2021, nr. 385/2021 og nr. 146/2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.**

Ákvörðun nr. 53/2021: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1160 frá 20. júní 2019 um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2011/61/ESB með tilliti til flutnings sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri og Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 frá 20. júní 2019 um að um að greiða fyrir flutningi sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 345/2013, (ESB) nr. 346/2013 og (ESB) nr. 1286/2014. 2) Ákvörðun nr. 54/2021: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (endurútgefin). 3) Ákvörðun nr. 385/2021: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/463 frá 30. janúar 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar skrána yfir aðila sem njóta undanþágu. 4) Ákvörðun nr. 146/2022: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/27 frá 27. september 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 að því er varðar breytingar á viðkomandi viðmiðunarmörkum fyrir tilkynninguna um mikilvægar hreinar skortstöður í hlutabréfum. **Október.**

**6. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 396/2021 og nr. 398/2021 um breytingar á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, nr. 49/2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, nr. 77/2022, nr. 78/2022 og nr. 155/2022 um breytingar á X. viðauka (Almenn þjónusta) og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.**

1) Ákvörðun nr. 396/2021: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 frá 28. júní 2018 um vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja og framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/888 frá 13. mars 2019 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 að því er varðar gögn um ný þung ökutæki sem aðildarríki og framleiðendur eiga að vakta og gefa skýrslu um. 2) Ákvörðun nr. 398/2021 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 frá 20. júní 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir ný, þung ökutæki og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 595/2009 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 og tilskipun ráðsins 96/53/EB. 3) Ákvörðun nr. 49/2022: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB. 4) Ákvörðun nr. 77/2022: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1055 frá 15. júlí 2020 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1071/2009, (EB) nr. 1072/2009 og (ESB) nr. 1024/2012 að því er varðar að aðlaga þær að þróun sem orðið hefur á sviði flutninga á vegum. 5) Ákvörðun nr. 78/2022: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1054 frá 15. júlí 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 561/2006 að því er varðar lágmarkskröfur um daglegan og vikulegan hámarksaksturstíma, lágmarksvinnuhlé og daglegan og vikulegan hvíldartíma og reglugerð (ESB) nr. 165/2014 að því er varðar staðarákvörðun með aðstoð ökurita. 6) Ákvörðun nr. 155/2022: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/645 frá 18. apríl 2018 um breytingu á tilskipun 2003/59/EB um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekkinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga og á tilskipun ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini. **Október.**

7. **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.**  
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnisýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum og um niðurfellingu á tilskipun 2001/37/EB og framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/109/ESB frá 10. október 2014 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB með því að taka saman safn af myndaviðvörðunum til að nota á tóbaksvörur. **Október.**
8. **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2021 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn.**  
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 frá 26. október 2016 um aðgengileika vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir snjalltæki. **Febrúar.**
9. **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2021 og nr. 70/2021 um breytingar á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.**  
1) Ákvörðun nr. 69/2021: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2161 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB, 2005/29/EB og 2011/83/ESB að því er varðar betri framfylgd og nútímavæðingu reglna Sambandsins um neytendavernd. 2) Ákvörðun nr. 70/2021: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/770 frá 20. maí 2019 um tiltekna þætti varðandi samninga um afhendingu á stafrænu efni og stafrænni þjónustu og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/771 frá 20. maí 2019 um tiltekna þætti varðandi samninga um sölu á vörum, um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/2394 og tilskipun 2009/22/EB og um niðurfellingu tilskipunar 1999/44/EB. **Febrúar.**
10. **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.**  
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/879 frá 20. maí 2019 um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar getu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja til að bera tap og til endurfjármögnunar og tilskipun 98/26/EB. **Febrúar.**
11. **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/2022 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn.**  
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1024 frá 20. júní 2019 um opin gögn og endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera. **Febrúar.**
12. **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2022 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.**  
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuaðstöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB. **Febrúar.**
13. **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem ekki hefur enn verið tekin.**  
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun, og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/557 frá 31. mars 2021 um breytingar á reglugerð (ESB) 2017/2402 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun til að stuðla að endurbótum í kjölfar COVID-19 hættuástandsins. **Febrúar.**



**14. Skýrsla utanríkisráðherra um framkvæmd EES-samningsins.**

Árleg skýrsla til Alþingis, skv. 1. mgr. 55. gr. laga nr. 55/1991 og 9. gr. reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála. **Október.**

**15. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.**

Árleg skýrsla til Alþingis skv. 1. mgr. 55. gr. laga nr. 55/1991. **Febrúar**

**16. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu á bréfaskiptasamningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu vegna ársins 2022. Desember.**